

Sorpa bs. - GAJA
162 Álfsnes

Selfoss, 31.1.2025
UST202401-176/H.M.V.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna fráviks í eftirliti

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 18. desember 2024, þar sem fram kom að frávik hefði verið skráð í eftirliti í Gas- og jarðgerðarstöðinni GAJA, Sorpu bs. þann 29. október 2024. Þann 10. janúar 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið var eftirfarandi:

Gr. 4.2 í starfsleyfi. Mælingar á loftmengun skulu fara fram og taka mið af losunarmörkum og umhverfismörkum sbr. gr. 3.5. Ekki hefur tekist að koma á áreiðanlegum mælingum á ammóníum vegna ársins 2023 og 2022.

Frávikið nú varðar eldra opið frávik sem rekstraraðili hefur unnið að úrbótum en vegna vandamála með mælibúnað og núverandi stöðu er tilefni til að endurskoða úrbótaáætlunina og uppfæra þar sem vandamál eru enn til staðar varðandi að ná fram áreiðanlegum mælingum og þarf að fara út í frekari breytingar til að ná þeim fram. Rekstraraðili hefur ákveðið að fara í tvöfalda meðhöndlun á útblæstri vinnsluferilsins með uppsetningu vothreinsibúnaðar, við það ætti álag á lífssíur að minnka og hreinsun útblásturs meiri. Uppfæra þarf tæknilausnir og útfærslur m.t.t. breytinganna og kallar þessi viðbót á umfangsmiklar breytingar á hönnun stöðvarinnar sem og aðlögunartímabils þar sem uppfæra þarf þekkingu og þjálfun starfsfólks vegna nýs búnaðar (sjá nánari lýsingu í úrbótaáætlun frá rekstraraðila). Umhverfis- og orkustofnun telur mikilvægt að gætt sé að því að markviss framgangur verði á úrbótum og hefur óskað eftir að rekstraraðili leggi fram framvinduskýrslu um stöðu mála í áföngum. Rekstraraðili hefur lagt fram uppfærða tímalínu umfram þær tillögur sem stofnunin lagði fram í bréfi varðandi frávikið sem sent var út samhliða lokaskýrslu og út frá gefnum forsendum sem kynntar voru í úrbótaáætlun sem miðar við raunhæfan tímaramma fyrir framkvæmdirnar. Samkvæmt framlagðri áætlun mun rekstraraðili leggja fram framvinduskýrslu til stofnunarinnar þrisvar sinnum á meðan á tímabilinu varir (fyrst um miðjan maí mánuð, næst um miðjan júní mánuð, þriðja um miðjan ágúst mánuð) og að lokum lokaskýrslu þegar úrbótum er lokið. Áætlað er að lok úrbóta náist þann 1.12. 2025.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávíkanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði fráviki ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur